

Nd.

94. Nefndarálit

[66. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni, vill samþ. frumv. óbreytt, en minni hl. vill gera þá breytingu, að ákveðið sé, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja megi tilnefna einn mann í verðlagsnefndina, en Alþýðusambandið tilnefni þá 3 menn í stað fjögurra, sem gert er ráð fyrir í framvarpinu.

Alþingi, 27. nóv. 1967.

Lúðvík Jósefsson,
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Jón Kjartansson.